



## **Aðalfundur Kvenfélag Grímsneshrepps**

### **24. mars 2022 kl. 18 í Félagsheimilinu Borg**

**Mættar eru:** Ragna Björnsdóttir, Hildur Magnúsdóttir, Sigríður Jónsdóttir (Sigga J), Þórunn Drífa Oddsd.(Tóta) Hólmfríður Steinþórsd. Erla Thomsen, Elsa Jónsd. Guðrún Þórðard. Friðsemd Erla Þórðard., Ingibjörg Guðrún Geirsd. Guðrún Helga Jóhannsd. Ásdís Einarsd. Þuríður Jónsd. Sigríður Björnsd.(Sirrý B),Guðrún Bergmann, Anna Margrét Sigurðard. Guðrún Gunnarsd. Guðrún Elín Guðlaugsd.

#### **Fundarsetning og skýrsla stjórnar**

Ragna setur fund og leggur til að Þórunn Drífa Oddsdóttir verði fundarstjóri, það er samþykkt.

Ragna formaður tekur til máls og flytur ársskýrslu. Fram kemur að 3 konur gengu í félagið á árinu þær Birta Skúladóttir, Guðríður Guðmundsdóttir og María Huld Hilmarsdóttir. Úr félaginu gekk Berglind Viggósdóttir. 2 félagskonur létust á árinu þær Bergþóra S. Ottesen og Kristín Carol Chadwick. Í lok árs voru félagskonur 49 talsins.

Ragna segir að heimsfaraldurinn hafi setta meira mark á félagsstarfið árið 2021 en 2020, í það minnsta tók viðburðadagatal félagsins sem lagt var fram í byrjun árs miklum breytingum. Í ársbyrjun var haldinn rafrænn stjórnarfundur og hugað að komandi starfsári. Í byrjun febrúar var haldið námskeið i Mörkinni þar sem kynnt var eldun í Thermomix og rætt um lágkolvetna mataræði. Í febrúar fóru félagskonur einnig að standa fyrir reglubundnum gönguferðum þar sem gengið var um Borgarsvæðið og sveitungar hvattir til þess að mæta.

Lítið fór fyrir starfinu í mars og apríl annað en að rafrænir stjórnarfundir voru haldnir og formannafundur SSK var sóttur. Aðalfundi sem allajafna er á dagskrá í febrúar var frestað og haldinn 27.maí í Golfskálanum í Kiðjabergi, var sá fundur því bæði aðal- og vorfundur í senn. Góð þátttaka var á þeim fundi og konur glaðar að hittast aftur. Þar var Ragna Björnsdóttir kosinn formaður til þriggja ára og Laufeyju Guðmundsdóttur þökkuð vel unnin störf í þágu félagsins. Í varastjórn til



eins árs voru kosnar Friðsemd Erla Þórðardóttir, Sigríður Þorbjörnsdóttir og Þóranna Lilja Snorradóttir.

Formaður og fulltrúi félagsins sóttu ársþing SSK sem haldið var í Þykkvabæ í byrjun júní og ný stjórn hélt sinn fyrsta fund. Líkt og undanfarin ár skryddu kvenfélagskonur fjallkonuna á 17.júní hátíðarhöldum.

Fjallkonan árið 2021 var Dagný Davíðsdóttir og flutti hún ljóðið "Sjá dagar koma" eftir Davíð Stefánsson. Fráfarandi formaður hélt hátíðarræðuna og fékk kvenfélagið viðurkenningu frá stýrihópi Heilsueflandi samfélags hér í sveit.

Töluverður undirbúningur fyrir Grímsævintýrin fór fram í júní og júlí. Voru ævintýranefndarkonur bjartsýnar á stöðuna en svo kom á daginn að aflýsa þurfti með stuttum fyrirvara okkar árlegu fjölskylduhátíð og helstu fjáröflun annað árið í röð. Einnig mat stjórnin stöðuna svo að ekki væri ráðlegt að fara í heldriborgaraferð á ágúst og var henni slegið á frest.

Sumarbústaðanefnd vann sín störf af mikilli elju enda sumarbústaðurinn leigður út til Framsýnar þetta sumar líkt og önnur. Séð var um að endurnýja það sem þurfti og sinna viðhaldi, þrifa og sinna útleigunni.

Stjórnarfundir fóru fram í ágúst og september og haustfund náðist að halda 13. september þar sem reynt var að leggja línurnar fyrir haustið. Gestur fundarins var Margrét Erla Maack fjöllistakona sem kom konum til þess að hlægja og leiddi þær í magadansi. Í lok þess sama mánaðar tók kvenfélagið að sér umsjón með kosningakaffi og dyravörslu fyrir sveitarfélagið á meðan að alþingiskosningar stóðu yfir.

Í október var haldinn stjórnarfundur og stór hópur félagskvenna, alls 11 konur, fór í Borgarnes og tóku þátt í 39. Landsþingi Kvenfélagasambands Íslands. Þar lét Guðrún Þórðardóttir, félagskona í Kvenfélagi Grímsneshrepps af embætti forseta eftir að hafa gegnt því með sóma í sex ár. Flutt var ályktun „Aðför að heilsu kvenna“ sem félagskonur samþykktu á fundi þann 13. september að lögð yrði fyrir 39. Landsþing KÍ. Sú ályktun var tekin til meðferðar og samþykkt, með örlítið endurskoðuð orðalagi.

Í lok októbermánaðar var haldið grímuball fyrir nemendur Kerhólsskóla og foreldra þeirra. Þar fengum við til liðs við okkur unglinga skólans sem hjálpuðu til við skreytingar og fleira. Boðið var upp á tónlist sem börnin höfðu óskað eftir. Glansmyndir styrktu okkur með láni á myndakassa þar sem fjölskyldan gat tekið af





sér myndir. Bláðrarinn bjó til fylgihluti úr blöðrum við mikla ánægju grímufólks og endað var á pulsupartýi. Frábær viðburður sem vakti mikla ánægju.

Auk stjórnarfundar og formannafundar SSK var í nóvember okkar árvissa jólabingó sem haldið var með örlítið breyttu sniði. Sökum takmarkana var ákveðið að fara í tilraunaverkefni og breyta hefðbundnu bingói í bílabingó. Notað var anddyrið á félagsheimilinu þar sem bingóstjórar voru staðsettir í streymi og drógu út tölur en fólk fékk spjöld í bílana fyrir utan félagsheimilið. Segja má að þetta hafi tekist ótrúlega vel þegar við höfðum áttað okkur á þeim takti sem varð að vera við lestur talnanna vegna seinkunar í streyminu. Þetta eins og margt annað sem við tókum okkur fyrir hendur var áskorun sem við leystum með samvinnu og gleði að vopni.

Í desember sáu kvenfélagskonur í veislunefnd um erfikaffi að lokinni útför Kristínar Carol Chadwick en jólafundi okkar sem vera átti í byrjun desember var aflýst vegna kórónuveirufaraldursins.

Fjáraflanir þetta árið voru minni en venja hefur verið, kannski sökum aðstæðna enda gátum við ekki haldið Grímsævintýri og tombóluna sem er okkar helsta tekjulind. Kosningakaffi og jólabingó voru þeir þættir sem öfluðu okkur einhvers fjár. Styrkir á árinu voru veittir til kaupa á blöðruskanna fyrir heilsugæslunna í Laugarási sem í endaðan október sendi styrkbeiðni til kvenfélaga í Uppsveitunum. Lagði hvert félag fram 81.000 kr. Ferðasjóður unglunga í Kerhólsskóla var styrktur um 36.000 kr. fyrir aðstoð við skreytingar á sal og 200 þús. krónur runnu til Sjóðsins góða að loknu bílabingóinu.

Þrátt fyrir skert félagsstarf á liðnu ári var góð þátttaka í verkefnum og viðburðum sem hægt var að halda og vill stjórn Kvenfélags Grímsneshepps þakka félagskonum fyrir það og á þeim vettvangi þar sem kvenfélagskonur láta til sín taka þar starfa okkar félagskonur. Svo sem í nefndum innan SSK, sem fulltrúi KÍ í samtökum Almannaheilla og sem sitjandi forseti Nordens Kvindeforbund (NKF) sem halda sitt síðasta sumarþing 10.-12. júní í Reykjanesbæ.

Við hlökkum til félagsstarfsins með ykkur jákvæðu og lausnamiðuðum konum á nýju starfsári og erum bjartsýnar á að okkur takist að koma í framkvæmd þeim verkefnum/viðburðum sem ræddir verða hér í kvöld.



Sigga J. tekur til máls og lætur vita að fundargerð síðasta aðalfundar liggja frammi og hafi fyrir nokkru verið send konum í pósti og einnig á fésbókarsíðu félagskvenna, engar athugasemdir eru gerðar við fundargerðina.

Fundarstjóri er ánægð með hvað tekist hefur vel að leysa málin á Covid tímum.

### **Reikningar félagsins**

Hildur gjaldkeri fer yfir reikninga félagsins, ætlar að renna hratt yfir og taka svo umræðu seinna á fundinum ef þess er óskað.

Rekstrartekjur fyrir árið 2021 var 3.064.438.- mesta breytan er að engin Grímsævintýri voru haldinn í ár en leigutekjur á sumarbústaði hækkaði um 250.000.- frá árinu á undan. Stéttarfélagið Framsýn leigir m.a. 11 vikur í stað 10 vikur. Rekstrargjöld voru hærri um kr. 1.000.000.- fyrir Mörkina vegna framkvæmda sem var farið í. Staðan á hússjóð er kr. 2.977.841.- Hagnaður var hjá félaginu 2021 sem nam 112.861.- Eigið fé í árslok er 7.161.301.

Fundastjóri spyr hvort einhver vilji ræða rekstrarreikninginn en svo er ekki.

Guðrún Helga spyr hvað Sjóðurinn góði sé. Guðrún Bergmann útskýrir fyrir henni hvað Sjóðurinn góði er.

Frábært framtak bæta allar við.

Ragna bætir við að ágóði jólabingósins fari ávallt beint í Sjóðinn góða.

Fundastjóri spyr hvort fleiri spurningar séu til Hildar og bætir við að staðan sé góð.

Erla Thomsen spyr um Sólheimakertin í ársreikningi, og fær svarið að þetta sé jólagjöfin 2020.

Reikningurinn er samþykktur einróma.

### **Sumarbústaður**

Anna Margrét tekur til máls. Leigan hefur verið í 17 helgar síðan í haust aðallega kvenf. konur sjálfar. Framkvæmdir; það voru löguð útiljós með skynjara, löguð ljós inni, gjöfulinn er dýr framkvæmd sem ekki var farið í, en það er erfitt að halda pottinum heitum, engar kvartanir samt vegna þess, stendur til að stækka pallinn og





Palli Tr. kom og mat klæðninguna og eru 2-3 ár þar til skipta þarf um klæðninguna. Pallaframkvæmdir verða í haust en ekki í sumar. Fólkið að norðan kvartar aldrei og er yndislegt. Hliðið hefur verið bilað frá upphafi en búið að laga. Leigan í sumar eins og vanalega. Einungis hringt 2-3 vegna bústaðarins, fyrir norðan voru gamlar upplýsingar sem var lagfært. Á næstunni eru allmenn þrif fyrir sumarið sem verður gert í maí. Tóta talar um 30þús. greiðslan sem greiðist til bústaðasvæðisins hvort það sé árgjald? Ekki fleira segir Anna Margrét, Hildur talar um að fólk sem kemst að bústaðnum í snjó að það kemst til baka, það er tryggt.

Fundastjóri spyr hvort fleiri nefndir vilji gefa skýrslu.

### **Veislunefnd**

Sirry B. tekur til máls fyrir hönd veislunefndar en í nefndinni eru auk Sirryar B. Guðrún Bergmann og Þórána. Á árinu aðstoðaði nefndin við erfikaffi félagskonu. Um leið og veislunefnd þakkar félagskonum góða þátttöku á árinu 2021 minnum við á að kosning til sveitarstjórnar verður laugardaginn 14. maí 2022 og til okkar hefur verið leitað með veitingar og vörslu. Sirry B. skilur eftir blað fyrir konur að skrá sig fyrir kosningakaffi í vor.

### **Húsnefnd**

Ragna tekur til máls. Kvenfélagið á fulltrúa í húsnefnd þar sem kvenfélagið á hlut í félagsheimilinu, endurnýja þarf rennihurð í sal og liggur fyrir tilboð í það og ýmislegt fleira. Verkefnin eru ýmis á árinu t.d leiktjöld og rafmangsbrautir. Það kemur fyrir sumarið. Verið hefur rætt um útleigu á félagsheimili. Leigan var stöðvuð því að húsið er notað fyrir skólann og aðeins 4-5 vikur á ári sem er hægt að leigja út. Almennri útleigu er hætt nema til sveitunga, það var borgað með leigunni því leigan dugði ekki fyrir kostnaði við húsvarðarstörf.

Verið hefur rætt í nefndinni hvort leigja eigi út íbúðina uppi í félagsheimilinu. 2 umsóknir þar sem fólk í sveitarfélaginu vantar húsnaði, verður auglýst og dregið úr umsóknum.

Anna Margrét spyr hvort húsverður sé í húsinu, Ragna segir að ábyrgðarmaður hússins sé Steinar, aðrir sjái um þrif en enginn húsverður.



Spurt hvað kvenfélagið eigi mörg % í húsinu og niðurstaðan er að sennilega á kvenf. 5% en aðrar segja 3%.

Ekki er talað um eigendur heldur hagsmunaaðila. Tóta spyr hvort leikfélagið eigi ekki að vera aftast í eignaröðunni því að kvenf. og ungm.fél byggðu húsið.

### **Kosningar**

Nú er komið að kosningum. Kjósa þarf ritara en Sigríður Jónsd. gefur ekki kost á sér áfram sem ritari, auglýst á fb og lítið um svör. Kjörnefndarkonur Sirrý B. og Guðrún Bergmann taka til máls. Talað var við Guðríði sem sagði já við að gefa kost á sér sem ritara. Spurt hvort fleiri gefi kost á sér en viðbrögð engin, klappað fyrir Guðríði sem var ekki á staðnum.

Árlega er kosið í varastjórn. Friðsemd, Sigríður Þ og Þórunna gefa kost á sér áfram, varastjórn fundar með aðalstjórn, fundir ca,10 sinnum á ári.

Fundastjóri spyr um framboð til fulltrúa og varafulltrúa á ársfund SSK, formaður fer alltaf ásamt fulltrúa, Anna Margrét gefur kost á sér, Hildur gefur kost á sér sem varafulltrúi. Það er samþykkt.

Fundastjóri segir komið að sumarbústaðanefnd, Hildur fer út, Anna Margrét gefur kost á sér áfram, Guðrún Elín gefur kost á sér í stað Hildar. Aðrar konur halda áfram.

Laganefnd, gefur kost á sér áfram.

Kosningum lokið og fundastjóri óskar nýjum konum velfarnaðar og þakkar þeim sem frá hverfa.

### **Dregið í happadrætti**

Happadrætti, Guðrún Þórðar fékk Brother merkivél frá Skrifstofuvörum, Elsa Jónsd, fékk bland í poka frá Skrifstofuvörum eins og festingu fyrir símann í bílinn, vasabók, hleðslutæki í bílinn ofl. Ingibjörg á Kringlu fékk hvítvínsflösku á standi sem Þórunna bjó til ásamt glösum, Þuríður fékk plöstanarvél frá Skrifstofuvörum.

Blúnda er Sirrý Odds.

Næst eru páskaegg opnuð og hver les upp sinn málshátt.





## **Erindi vegna sumarbústaðalóðar**

Fundastjóri tekur til máls, næst er erindi v/sumarhúsalóðar og tekur Ragna til máls. Eins og ykkur flestum er kunnugt um þá á kvenfélagið sumarhús í Ásgarðslandi við Sogið, Fljótsbakka 20. Þetta land er gjöf frá Hreppsnefnd Grímsneshrepps og var gefin félaginu 1986. Þetta land hefur eitt lóðanúmer í dag en er samkvæmt deiliskipulagi tvær lóðir.

Á skipulagi sem var samþykkt 11.júlí 1996 eru afmarkaðar tvær lóðir, Fljótsbakki 20A og Fljótsbakki 20B, í dag er þessi lóð skilgreind sem Fljótsbakki 20 með númerið L168324. Sumarhúsið okkar Mörkin er staðsett á lóðinni 20B en lóðin 20A er nær vatninu.

Ástæða þess að þetta er hér til umfjöllunar er sú að í haust barst okkur formlegt erindi þar sem falast er eftir lóð 20A. Þetta er mál sem okkur í stjórn fannst við verða að kynna á fundi og hefur ekki verið tækifæri til þess fyrr en nú. Stjórn metur það svo að óráðlegt sé að selja lóð 20A eins og staðan er í dag. Félagið er vel stætt, sumarhúsið er í góðum rekstri og félagskonur njóta góðs af þessari perlu sem Mörkin er. Aðkoma að lóð Fljótsbakka 20A yrði að vera um lóðina sem Mörkin stendur á með tilheyrandi ónæði eða óþægindum fyrir þá sem þar dvelja auk þess sem Mörkin yrði ekki lengur næst vatninu. Verðgildi lóðar sem eftir stendur með sumarhúsi myndi lækka m.a. vegna þess. Þær konur sem voru í félaginu á þeim tíma þegar Mörkin var byggð lögðu á sig mikla vinnu til að koma upp reisulegu húsi. Það er ekkert sjálfgefið að reka slíkt hús og ýmislegt getur komið upp á sem þarf að bregðast við. Þá getur verið gott að eiga í bakhöndinni lóð 20A sem heldur áfram að ávaxta sig. Ef einhvern tíma kemur upp sú staða að þörf verði á því að selja þessa lóð þá finnst stjórn einsýnt að slík sala færi fram á almennum markaði þar sem lóðin yrði auglýst og seld á markaðsvirði. Þetta er samróma álit stjórnar en við vildum gefa ykkur félagskonum tækifæri til þess að koma á framfæri ykkar áliti

Talað um að samkvæmt deiluskipulagi er hægt að byggja 2 hús en lóðin í heild er 1 hektari. Stjórn er þeirrar skoðunar að selja ekki lóðina 20A. Það þarf að setja fyrir fund í skipulagsnefnd ef lóðin er seld.

Guðrún Bergmann segir að við séum vel stætt kvenfélag og þær Guðrún Þórðar eru sammála stjórn um að selja ekki lóðina.



Guðrún Þórðar talar um að þegar hún var formaður vildi fólk kaupa bústaðinn og fá aðgang niður að vatni, í hennar tíð átti líka fara með göngustíg í gegnum lóð kvenfélagsins en Halldór Ásgrímsson vildi ekki göngustíg við sína lóð. Varð úr að göngustígurinn er ekki í gegnum lóð kvenfélagsins heldur á lóðamörkum tveggja lóða.

Bókað að fundurinn í heild er sammála stjórn um að selja ekki lóðina.

### **Viðburðadagatal**

Fundastjóri tekur til máls, næst á dagsskrá er viðburðadagatal, Ragna fer í pontu.

Eldri borgaraferð er áætluð síðasta vetrardag miðvikudaginn 20.apríl.

Ársfundur SSK verður 30.apríl.

Solla í Grindavík og kvenfélagið verður á Selfossi 30.apríl og langar að hitta okkur í kaffi. Ragna kemst ekki en biður konur um að reyna að komast í kaffi með Grindavíkurkonum í Mörkinni.

2.maí er vorganga í yndisskóginum og á að sýna okkur staðsetningu reitsins sem kvenfélagið fékk úthlutað.

Vorfundur 25.maí, dagurinn fyrir uppstigningardag, spurning hvort eigi að tengja saman vorfund og gleði.

2. júní vorganga og Mörkin.

17. júní fjallkonan og í júní er undirbúningur fyrir Grímsævintýrin.

Nýtt nefndarblað fer inn á FB fljótlega.

3.-5. ágúst vinnudagar fyrir Grímsævintýri sem verða 6.ágúst.

7.sept. haustfundur og gróðursetning.

28.okt spurning um hvort við verðum aftur með grímuball sem mæltist vel til í fyrra. Spurning hvort grímuballið verði í ár og hvort að fullorðinsballi verði um kvöldið, kannski gæti leikfélagið eða ungmennafélagði tekið við og hefðu fullorðinsball, en áhugi var á slíku í fyrra. Krakkarnir í skólanum eru til í að vera aftur með ball og skreyta salinn eins og í fyrra, kvenfélagskonur taka vel í það og er áhugi fyrir hendi að endurtaka leikinn.





Nóv. jólabingónefnd ákveður hvenær jólabingó verður.

Jólafundur í nóv. kannski 28.nóv. Rætt um dagsetningar þar sem Oddfellowkonur eru að fara til útlanda.

### **Önnur mál:**

Hildur minnir á spottaverkefnið, Tintron vantar ekki sokka, húfur og vettlinga að svo stöddu. Fram kemur að Frú Ragnheiður fær líka eitthvað og Tóta minnir á að nú vanti jafnvel á börn líka.

Hildur talar um að bókin hafi ekki selst í 2 ár vegna covid og vill lækka hana í 5þús. Enginn mótmælir því.

Fundarstjóri spyr hvort einhverjir vilji taka til máls.

Guðrún Bergmann þakkar fyrir góðar veitingar og þakkar stjórn fyrir að halda vel utan um allt á covid tímum, æðislegar skreytingar á fundinum en Friðsemd sá um skreytingarnar.

Fundarstjóri þakkar fyrir góðan fund og lætur gestabók ganga.

Ragna les bréf frá fjáröflunarnefnd SSK.

Eins og okkur er öllum kunnugt þá var sala á englum og jólakortum minni fyrir síðustu jóla en árin á undan. Samkomubann setti kvenfélögum skorður við að geta boðið söluvörur til almennings eins og undanfarin ár, og ekki var hægt að selja þær í móttöku HSU eins og áður. Nú er staðan þannig að Sjúkrahússjóður SSK er næstum tæmdur. Á einu ári hafa verið gefnir til HSU súrefnismettunarmælar að verðmæti kr. 1.500.000,- (beiðni vegna Covid19) og einnig gulumælir fyrir ungbörn, sem beiðni barst um að verðmæti um kr. 1.200.000,-. Fjáröflunarnefnd SSK hefur ákveðið að ekki verði gerður englaplatti þetta haust, en vonandi verða aðstæður þannig á komandi ári að hægt verði að gefa út platta merktan árinu 2022. Enn er til nokkuð magn af englum merktum 2021 og kortum hjá SSK og e.t.v. er einnig eitthvað óselt hjá kvenfélögunum. Selja þarf þessar fjáröflunarvörur og þau kvenfélög sem geta og vilja taka þátt í því geta pantað engla og kort hjá Fjáröflunarnefnd. Að þessu sögðu, leitum við einnig til kvenfélagskvenna um að standa fyrir fjáröflun fyrir Sjúkrahússjóð SSK. Við förum þess á leit að



kvenfélögin efni til söfnunar meðal félagskvenna, sem byggir á frjálsum framlögum. Í stað þess að kaupa engla og kort þá verði óskað eftir frjálsum framlögum, hver og ein legði til verðmæti t.d. bíómiða eða e.t.v. leikhúsmiða. 1000 til 10.000 krónur. Á formannafundi SSK í mars s.l. þá var þessi hugmynd að „frjálsum framlögum kvenna í Sjúkrahússjóð“ ein af þeim sem þar kom fram. Sjúkrahússjóður SSK var stofnaður árið 1952. Aðaltekjulind hans í áraraðir var sala kvenfélaganna á jólakortum. Fjármunir sem safnast í sjóðinn hafa um áraraðir verið notaðir til að gefa ýmsan búnað til sjúkrahússins, síðar Heilbrigðisstofnunar Suðurlands. Mikilvægt er að geta brugðist við þegar leitað er til SSK um stuðning við heilbrigðisþjónustu, ekki síst kvenna og barna. Hér aftan við þetta bréf er listi yfir gjafir sem fjármagnaðar hafa verið úr Sjúkrahússjóði SSK og gefnar í nafni allra kvenfélaganna sem mynda Samband sunnlenskra kvenna.

Ragna spyr hvað konum finnist um þá hugmynd að taka úr sjóðnum okkar og gefa sjúkrasjóðnum í stað þess að konur gefi úr eigin vasa.

Guðrún Þ. nefnir að gott væri að þessar umræður fari fram á sambandsþinginu. Hún vill meiri samvinnu á milli félaga því að peningar komi frá kvenfélögum og grasrótin hafi að segja um það hvað er gert og sameiginleg ákvörðun tekin. Ekki safna í sjóð sem bara stjórn sjóðsins ákveði hvert fjármagnið fer.

Fundastjóri nefnir að kannski væri það hugmynd að taka nefskatt.

Umræða skapast um Gjöf til kvenna. Í ljós kemir að ekki er búið að gefa gjöf til kvenna tækið, það er hjá kvenfélagasamb. Íslands, það stendur á Landspítala varðandi afhendingu.

Ragna segir að beiðni sem kom í október þegar beðið var um tæki í Laugarás hafi verið mjög góð og kvenfélög á svæðinu brugðist fljótt og vel við.

Guðrún Þ. vill meiri samskipti og samvinnu milli kvenféлага á svæðinu því þegar kvenfélög vita hvað er verið að safna fyrir sé beiðninni því betur tekið.





Guðrún Bergmann spyr hvort fulltrúar í SSK hafi heimild til að samþykkja upp að vissri upphæð á ársþingi, allt að 100þús., ef umræða skapast og beðið er um fé í sjóðinn. Það er samþykkt.

Guðrún Þ. og Ragna vilja ekki kvaðir um að selja eitthvað ákveðið eða vera með fjáraflanir og Ragna vill taka þessa umræðu á næsta fundi. Við þurfum einnig að hafa í huga að við erum að reka bústað og þarf viðhald þar og mögulega að fara í fjáröflun í tengslum við það.

Ragna þakkar fundarstjóra og fundargestum fyrir góðan fund.

**Fundi slitið kl. 20:30**

Staður Borg dagsetning 25/2 2023

Ragna Björnsd.

Formaður Ragna Björnsdóttir

Guðríður Guðmundsdóttir

Ritari Guðríður Guðmundsdóttir

Hildur Magnúsdóttir

Gjaldkeri Hildur Magnúsdóttir

